

Reykjagarður hf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 21.2.2023  
UST202203-003/G.S.O.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. júní 2022 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Reykjagarð að Ásmundarstöðum þann 6. apríl 2022.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. 40. gr í lögum 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. liður 5. gr. reglugerðar 935/2018 um BAT. *Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða útreikninga á losun frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1; 1.2 og 3.1 í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfsemina. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna við útreikningana hafin og eru áætluð verklok 31. apríl 2023.*

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikinu ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur